

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Hveragerðis nr. 187 14. nóvember 1962.

1. gr.

3. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

1. a. Hitagjald til gróðurhúsa og skúra verði kr. 28.00 pr. m² gólfflatar á ári.
- b. Hitagjöld til annarra húsa verði kr. 40.00 pr. m² gólfflatar á ári.
Þó skulu gjöld samkvæmt grein þessari ekki vera undir kr. 4000.00 á ári. Hreppsnefnd er þó heimilt að lækka gjald þetta í einstaka tilfellum um þrjátíu af hundraði.
2. Þeir, sem taka varma frá opnum hverum og leiða sjálfir í íbúðarhús sín, greiði kr. 25.00 pr. m². Sé um gróðurhús að ræða, greiðist kr. 20.00 pr. m² Hreppsnefnd er heimilt, að fengnum tillögum hitaveitunefndar, að lækka gjald þetta niður í kr. 16.00 pr. m² á ári, ef um er að ræða langar leiðslur í hlutfalli við stærð upphitaðs húsnæðis.
3. Nú er varminn notaður til iðnaðar eða sem gufuorka, og ákveður hreppsnefnd þá gjald fyrir slíka notkun að fengnum tillögum hitaveitunefndar.
4. Eigi skal greiða sérstakt gjald fyrir hitastilla.

2. gr.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimtaugargjöld:

1. Fyrir gróðurhús og skúra skal greiða sem svarar 10 mánaða hitagjaldi.
2. Fyrir öll önnur hús skal greiða sem svarar hitagjaldi í eitt ár.
3. Lágmarksgjald samkvæmt grein þessari, skal aldrei vera lægra en kr. 4000.00.
4. Heimtaugargjöld greiðist áður en tenging húss fer fram.
5. Öll gjöld í gjaldskrá þessari miðast við utanmál hitaðra húsa.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 3 31. janúar 1952, um hitaveitur utan Reykjavíkur, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 22. júní 1964.

F. h. r.

Hjalmar Vilhjálmsson.

Hallgrimur Dalberg.

24. júní.

Nr. 143.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 26 1958, og að fengnum tillögum borgarstjórnar Reykjavíkur, hafa verið gerðar eftirfarandi takmarkanir á umferð:

1. Einstefnuakstur á Auðarstræti frá Flóka götu að Gunnarsbraut.
2. Bifreiðastöður bannaðar á Egilsgötu, sunnan megin götunnar og á Vegahúsa- stíg frá Klapparstíg að húsinu nr. 41 við Hverfisgötu.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 24. júní 1964.

Sigurjón Sigurðsson.